



893. fundur stjórnar GSÍ, 6. nóvember 2017, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkelsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Gunnar K. Gunnarsson, Jón J. Karlsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Brynjar E. Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Samþykkt og undirrituð

2. Tillögur fastanefnda vegna 2018

Tillögur starfsnefnda GSÍ fyrir Golfþing voru bornar upp og samþykktar án athugasemda.

- Tillaga um breytingu á fyrirkomulagi á greiðslu félagsgjalds til GSÍ auk tillögu að lagabreytingu vegna félagagjalda
- Tillaga mótnefndar um breytingu á mótafyrirkomulagi á Eimskipsmótaröð
- Tillaga IT nefndar er varðar [www.golf.is](http://www.golf.is)
- Tillaga afreksnefndar hafði verið samþykkt á síðasta stjórnarfundi

3. Ársreikningur 2017, fjárhagsáætlun 2018 og 2019

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSÍ kynnti ársreikning ásamt áætlun fyrir starfsárin 2018 og 2019. Ársreikningurinn ásamt áætlun til tveggja voru samþykkt og undirrituð. Borin var upp tillaga um niðurfærslu og afskriftir á félagagjaldi Golfklúbbsins Glámu á Þingeyri upp á 243.700 kr, tillagan var samþykkt.

4. LEK

Tillaga er varðar aukið samstarf GSÍ og LEK var tekin fyrir og rædd. Samþykkt var að leggja tillöguna fyrir Golfþing. Haukur Örn fór yfir þau samskipti sem átt hafa sér stað að undanfögnu og það ferli sem málið er í.

5. Dagskrá Golfþings, kjörnefnd, starfsmenn þingsins og þingnefnda

Haukur Örn fór yfir í stuttu máli framkvæmd þingsins ásamt þau nöfn sem komið hafa upp varðandi embættishlutverk á þinginu. Einnig var farið í gegnum þær nefndir sem starfa munu á þinginu.



## 6. Önnur mál

- Kosning á sjálfboðaliða ársins
- Heiðranir á Golfþingi
- Málefni tengd GSFÍ
- Afreksstefna GSÍ

Fleiri málefni voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl.19.20